

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Sent rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 11. apríl 2018

Efni: Athugasemdir við þingsályktunartillögu númer 676 um sálfræðiþjónustu í fangelsum.

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar auknum áhuga á málefnum fanga og andlegri líðan þeirra. Í þingsályktunartillögu númer 676 er ályktað að fela dómsmálaráðherra að sjá til þess að minnsta kosti einn sálfræðingur verði starfandi með fasta starfsstöð í hverju fangelsi á landinu. Tilgangurinn er að tryggja föngum sálfræðiþjónustu þeim að kostnaðarlausu innan veggja fangelsisins. Jafnframt er lagt til við ráðherra að hann hafi samráð við Fangelsismálastofnun og Sálfræðingafélag Íslands um tilhögun þjónustunnar meðal annars um þá meðferð sem veita á.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er tekið fram að stjórnvöldum beri að veita sálræna aðstoð til að einstaklingur komi bættari og betri úr fangelsisvistinni. Einnig er athygli beint að því að þeir sem sitja í fangelsum eigi mögulega að baki áfallasögu úr æsku eða sem tengist öðrum tímabilum í lífi einstaklings sem vinna þurfi úr.

FÍ vill vekja athygli flutningsmanna á því að félagsráðgjafar eru starfandi í fangelsum landsins og veita margþætta þjónustu sem felur í sér einstaklingsviðtöl, ráðgjöf, fræðslu, eftirfylgd og stuðning við fjölskyldur fanga. Félagsráðgjafar hafa viðtæka þekkingu á ólíkum málaflokkum og hafa heildarsýn að leiðarljósi við vinnu sína. Í meðferðarvinnu leitast félagsráðgjafar við að bera kennsl á undirliggjandi orsakaþætti sem geta skýrt stöðu einstaklings. Hvað er það sem hindrar einstaklinginn í því að komast áfram í lífi sínu og nýta hæfileika sína og styrkleika að fullu.

FÍ telur að félagsráðgjafar jafnt sem sálfræðingar geti veitt föngum sálfélagslega aðstoð og vill því hvetja til þess að leitað verði til félagsins til að bæta þjónustu við fanga innan fangelsanna.

Virðingarfyllst, fyrir hönd Félagsráðgjafafélags Íslands

María Rúnarsdóttir, formaður.

Katrín G. Alfreðsdóttir, félagsráðgjafi.